

## **Gjaldskrá**

### **fyrir hundahald í Hrunamannahreppi**

1.gr.

Hrunamannahreppi er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hundahalds samkvæmt samþykkt um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi nr. 296/2013.

2.gr.

Skráningagjald fyrir hvern hund skal vera kr. 3.000.

3.gr.

Eigandi ber sjálfur að greiða fyrir ábyrgðartryggingu skv. 2. gr. c-liðar samþykktra um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi nr. 296/2013.

5.gr.

Við hverja afhendingu handsömunar hunds ber að innheimta kr. 7.000. Að auki leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds kr. 1.000 á sólarhring. Óskráðir hundar afhendast ekki fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

6.gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má innheimta með fjárnámi.

7.gr.

Skráðum eigenda hunda ber að tilkynna starfsmönnum hreppskrifstofu frá því ef afskrá þarf hund vegna dauða eða af öðrum ástæðum.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 11. apríl 2013 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 31. maí 2013, er sett með vísun til 25. gr. laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. samþykkt um takmörkun á hundahaldi í Hrunamannahreppi nr. 296/2013. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Hrunamannahreppi 4.júní 2013

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri